

Fundargerð skólaráðs 30.október 2014

Fundurinn haldinn á Varmalandi

Mættir: Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, Þorgerður Sól Ívarsdóttir, Ástrós Vera Hafsteinsdóttir, Pálmar Þorsteinsson, Kristján Pétursson, Edda Arinbjarnar, Harpa Sigríður Magnúsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Gróa Erla Ragnvaldsdóttir og Magnea Kristleifsdóttir.

Á fundinn komust ekki Sólrún Halla Bjarnadóttir og Melkorka Sól Pétursdóttir

1. mál. Allir boðnir velkomnir til fyrsta fundar. Fulltrúar kynntu sig og gerðu grein fyrir frá hvaða starfsstöð þeir væru fulltrúar í ráðinu og einng fyrir hvaða hóp.

Farið var yfir hlutverk skólaráðs og vinnulag.

2. mál. Skólastjóri fór yfir skólastarfið í byrjun vetrar. Almennt gengur vel en skólinn stendur frammi fyrir miklum forföllum starfsmanna vegna veikinda bæði langtíma og skammtíma. Af þeim sökum þurfti að auglýsa eftir kennurum í Varmalandsdeild eftir að skólastarf hófst í haust, því hefur verið nokkuð álag vegna afleysinga. Búið er að ráða í stöður.

Fulltrúar voru beðnir að tjá sig um skólabyrjunina.

Nemendafulltrúar ánægðir með allt nema þeim finnst tölvubúnaður skólans í óásættanlegu ástandi.

Kennarafulltrúar eru einnig ánægðir með skólabyrjun en taka heilshugar undir orð nemenda um tölvubúnað.

Foreldrafulltrúum finnst starfið ganga vel og segja nemendur ánægða í skólanum. Eins og alltaf í stórum hópi koma upp einhverjir árekstrar en það er reynt að leysa vandkvæði fljótt og vel.

Kristján Pétursson hefur áhyggjur af þeim fjármunum sem skólanum er skammtað. Þar sem augljóst er að ekki er hægt að uppfylla kröfur um viðhald og endurnýjun búnaðar, einnig hefur hann áhyggjur af almennu viðhaldi á húsakosti GBF.

Fulltrúar nærsamfélags og annarra starfsmanna taka í sama streng.

3. mál. Drög af starfsáætlun skólaráðs kynnt. Nokkrar breytingar gerðar og hún samþykkt. Ákveðið að funda sérstaklega með nemendaráðum GBF í apríl.

4. mál. Farið var yfir [starfsáætlun skólans](#) fyrir skólaárið 2014 - 2015 og hún samþykkt. Áætlunin er vistuð á vef skólans.

5. mál. Ársskýrsla og sjálfsmatsskýrsla lögð fram og farið yfir umbótaáætlun. Fulltrúar hvattir til að kynna sér þessar skýrslur vel. Þær eru vistaðar á vef skólans undir [Útgefið efni](#).

Ingibjörg Inga gerði grein fyrir að búið væri að skila inn fyrstu drögum í fjárhagsáætlunargerð og hún verður kynnt á næsta fundi.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.